

# LÖG

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984,  
sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Á eftir 5. mgr. 12. gr. laganna (sbr. l. nr. 27/1987) komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef umsækjandi á fyrir fleiri en eina íbúð. Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt, þrátt fyrir ákvæði 12., 13., 14. og 30. gr. laga þessara, að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fyrir fullnægjandi íbúðarhúsnæði, skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 m<sup>2</sup> brúttó, að frádregnum bílskúr. Um stærðarútreikning íbúða gilda sömu reglur og skv. c-lið 13. gr. Ef umsækjandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign beggja. Ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd. Nánari reglur um framangreind atriði skal setja í reglugerð.

### 2. gr.

Í stað 1. málsl. 6. mgr. (verður 7. mgr.) 12. gr. laganna komi þrír nýir málslíðir sem hljóði svo:

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni. Í svari Húsnæðisstofnunar til umsækjanda skal koma fram að lánið sé háð því að lifeyrissjóður eða sjóðir, sem umsækjandi er félagi í, hafi fullnægt samningi við Húsnæðisstofnun um ráðstöfunarfé til Byggingarsjóðs ríkisins. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.

### 3. gr.

7. mgr. (verður 8. mgr.) 12. gr. laganna hljóði svo:

Úthlutun lána til þeirra sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn, svo og lána til meiri háttar viðbygginga, endurbóta eða orkusparnaðar, skal ganga fyrir úthlutun lána til þeirra sem eiga íbúð fyrir og skulu fyrrnefnd lán afgreidd í sömu röð og umsóknir berast þegar íbúðir verða vedhæfar. Á sama hátt er húsnæðismálastjórn heimilt að láta úthlutun lána til þeirra ganga fyrir sem eiga fyrir ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástandum. Nánari reglur um framangreind atriði skulu settar í reglugerð. Heimilt er að skipta láni í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum sem húsnæðismálastjórn setur enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu ársfjórðungslegum breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. og 3. gr. gilda um umsóknir sem borist hafa Húsnæðisstofnun ríkisins frá og með 13. mars 1987.

*Gjört í Reykjavík, 29. desember 1987.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jóhanna Sigurðardóttir.*